



Reykjavík, 10. apríl 2024

USK24020142

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gangbrautir við Björnslund

Á fundi umhverfis- og skipulagssviðs þann 14. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að ráðist verði í úrbætur á gangbrautum yfir Elliðabraut og Bugðu til móts við Björnslund. Björnslundur er fjölsóttur af íbúum Norðlingaholts, ekki síst börnum og unglimum. Ein deild leikskóla Rauðhóls er starfrækt í lundinum auk þess sem hann er skilgreindur sem grenndarskógur Norðlingaskóla.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 28. febrúar 2024.

Umsögn:

Þverunin yfir Elliðabraut við Björnslund er með miðeyju og hraðalækkandi aðgerð sem eykur umferðaröryggi þverunarinnar. Þverun á Elliðabraut við Búðatorg er að sama skapi einnig með upphækkun. Þegar farið er í umferðaröryggisbætandi aðgerðir er forgangsraðað með því markmiði að fara fyrst í þá staði þar sem mestar líkur eru á alvarlegum slysum.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík